



Alþingi

Erindi nr. P 119 / 43

komudagur 2 / 6 1995

Landbúnaðarnefnd Alþingis
Hr. Guðni Ágústsson formaður

Vegna fyrirhugaðrar afgreiðslu á frumvarpi til laga vegna aðildar Íslands að Alþjóðaviðskiptastofnuninni vilja Bændasamtök Íslands vekja sérstaka athygli háttvirtrar landbúnaðarnefndar á eftirfarandi atriðum.

1. Í frumvarpinu er ekki gert ráð fyrir neins konar verðtryggingu á rauntollum skv. viðauka I. Þótt verðlag hafi verið stöðugt um nokkurt skeið, er ekki tryggt að svo verði út gildistíma GATT-samningsins.
2. Verðforsendur fyrir útreikningi tollverndar byggjast ekki nema að litlu leyti á reynslutölum, og mikil óvissa er um vöruval og verðlag á ýmsum vöruflokkum er til innflutnings kemur.
3. Þar sem víða ber á milli í tollskránum í viðauka I og viðauka II skortir nokkuð á eðlilega yfirsýn við samlestur. Þó er ljóst eftir yfirferð á viðauka I, að verulegt misræmi er í fyrirhugaðri tollvernd á vörum ú sama hráefni í mismunandi tollflokkum. Þar stingur t.d. í augu hve sýrður rjómi (tollnr. 0403 9019) fær lágan toll í samanburði við rjóma (tollnr. 04013000) og kakóblandað undanrennu- og mjólkuduft (tollnr. 1806 2003) miðað við undanrennuduft (tollnr. 0402 1000) og mjólkurduft (tollnr. 0402 2100), en þessi hráefni geta numið allt að 90% af blöndunni..

Af þessum sökum telja Bændasamtök Íslands líklegt að endurskoða verði lögin, þegar nokkur reynsla liggur fyrir um framkvæmd þeirra og reikna má með, að ýmsar misfellur hafi komið í ljós, sem ekki verða séðar fyrir.

Þá benda samtökin á, að á unnar vörur, sem falla undir ákvæði fríverslunarsamninga eða bókun 3 með EES (t.d. í köflum 18-22), gerir frumvarpið ráð fyrir að tollar samsvari þeim verðjöfnunargjöldum sem nú eru lögð á viðkomandi vörur og eru, a.m.k. í mörgum tilvikum, langt undir leyfilegum bindingum. Hætta er á, að þetta rýri samningsstöðu Íslands gagnvart Esb. nú þegar endurskoðun á bókun 3 með EES er í gangi, þar sem ekkert svigrúm er til að bjóða EES-ríkjunum sérstök fríðindi, nema þá að lækka þessa tolla gagnvart þeim niður fyrir það sem viðunandi er. Ennfremur er líklegt að aðstaða okkar í næstu GATT-samningalotu verði þrengri af sömu ástæðu.

F.h. Bændasamtaka Íslands

Ari Teitsson

Ari Teitsson